

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
801 Selfoss

Reykjavík, 24. janúar 2024
UST202312-236/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Skeiða - og Gnúpverjahrepps 2017 - 2029 - Efnistökusvæði - Hagi 2

Vísað er til erindis Skeiða- og Gnúpverjahrepps dags. 22. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint erindi vegna fyrirhugaðrar efnistöku í landi Haga 2. Fyrirhugað er að taka 45.000 m³ á um 1,5 ha svæði en þarna hefur landeigandi áður tekið efni til eigin nota.

Umhverfisstofnun telur lofsvert að sveitarfélagið fylgi eftir stærðarviðmiðum náma og láti setja efnistökusvæði á skipulag þegar efnistaka verður umfram efni sem þarf til eigin nota.

Í greinargerð kemur fram að fallið hefur verið frá hugmyndum um nýja aðkomuleið að námunni. Svæðið sem um ræðir er skilgreint sem landbúnaðarland og er ekki þar að finna jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar. Í greinargerð er lögð áhersla á að gegnið verði frá efnistökusvæðinu jöfnun höndum og er það að áliti Umhverfisstofnunar besta leiðin til að endurheimta gróður á svæðinu.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur